




Tilmæli vegna rýmingar

Í skipulagi almannavarna er rýming hluti af mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum hættu á samfélag og íbúa þess, áður en neyðarástand á sér stað eða á meðan neyðarástand varir. Það felur í sér að íbúar flytja á öruggari stað og síðan að þeir komist öruggir heim aftur í lok neyðarástands. Til að rýming gangi vel fyrir sig er mikilvægt að til sé áætlun um framkvæmd rýminganna.

Forboði eldgoss eru yfirleitt jarðskjálftar sem finnast víða og órói sem kemur fram á mælum vísindastofnana. Veðurstofa Íslands gefur út viðvörun til almannavarna þegar náttúruvá er talin geta valdið heilsu- eða eignatjón og og þá virkja almannavarnir skipulag sitt og áætlani. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum í samráði við Ríkislögreglustjóra gefur út fyrirmæli um rýmingu af hættusvæði.


Grindavík er á skilgreindu hættusvæði og komi til atburðar er mikilvægt að íbúar og starfsmenn fyrirtækja séu tilbúin til rýminga því er brýnt að kynna sér eftirfarandi upplýsingar.



- Fyrirtæki og stofnanir upplýsi starfsfólk sitt um rýmingu og rýmingarleiðir út úr bænum.
- Ekki þarf að koma við á fjöldahjálparstöð í íþróttamiðstöð Grindavíkur nema þörf sé á aðstoð við að komast úr bænum eða sækja fjölskyldumeðlimi.
- Athugið: Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín.
- Ítarlegri upplýsingar má finna á heimasíðu Almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, www.almannavarnir.is




Hjálparsími Rauðakross Íslands 1717 veitir aðstoð og upplýsingar m.a um Fjöldahjálparstöð



GRINDAVÍKURBÆR

GRINDAVÍKURBÆR

Rýmingarkort

Rýmingarleiðir frá bænum: 

Rýmingarleiðir innan bæjar: 

Bráðabirgðarýmingarleið í rýmingu: 

- 1 ÍÞRÓTTASVÆÐI | FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ
- 2 HEILSULEIKSKÓLINN KRÓKUR
- 3 HÓPSSKÓLI
- 4 VÍÐIHLÍÐ
- 5 GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR VÍÐ ÁSABRAUT
- 6 LEIKSKÓLINN LAUT
- 7 SLÖKKVISTÖÐ
- 8 ÞJÓNUSTUMIDSTÖÐ
- 9 ÞJÖRGUNARSVEITIN ÞORBJÖRN
- 10 KVIKAN
- GRINDAVÍKURKIRKJA

